

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna verslunar og þjónustu í landi Axlar.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. mars 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. desember 2023.

Breytingin felst í að verslunar- og þjónustusvæði VP-27 og VP-28 minnka hvort um sig úr 1 ha í 0,3 (VP-27) og 0,7 ha (VP-28). Skilgreina á nýjan 1 ha landnotkunarreit VP-33 staðsettan fjær þjóðvegi. Um tilfærslu verslunar og þjónustu er að ræða en samanlögð stærð landnotkunar helst hin sama.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. mars 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 9. apríl 2024